

Veiði- og fiskræktarfélag Landmannaafrettar  
Meiritunga 1  
851 Hella

Selfoss, 21.12.2023  
UST202302-162/H.M.V.  
08.12.02

**Efni: Reglubundið eftirlit þann 24. nóvember 2023 - Veiðifélag Landmannaafrettar, starfsstöð í Götu**

Þann 24. nóvember sl. fór fram eftirlit í eldisstöð Veiðifélags Landmannaafrettar í Götu. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin eldri opin frávik eru útistandandi.

**Ein ábending var lögð fram í eftirlitinu er varðar:**

1. Ker og aðrir lausamunir voru umhverfis eldisstöðina og hafa fokið til í lægðir umhverfis eldisstöðina. Tryggja þarf að ekki sé hætt á frekari foki með því að festa eða fjarlægja búnað sem getur fokið til. **Samkvæmt bréfi frá rekstraraðila dagsettu þann 18. desember sl. hefur verið brugðist við ábendingunni.**

**Þrjú frávik komu fram er varða:**

1. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Taka skal sýni og mæla efnainnihald heildarfosfórs (P-total) og heildarköfnunarefnis (N-total) við inntak vatns í stöðina og við útrás frárennslis 2x á ári, annars vegar við hámarksfóðrun og lágmarksfóðrun hins vegar. Niðurstöðum mælinga skal skilað árlega til eftirlitsaðila. **Rekstraraðili hefur gert grein fyrir áætlun um úrbætur, sjá neðst í bréfi**
2. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert (fyrir undangengið almanaksár). Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfum í 3, 4 og 5 kafla. Vantar inn skil ársins 2023, vegna ársins 2022. **Rekstraraðili skilaði inn ársyfirliti til eftirlitsaðila þann 18. desember 2023. Frávikinu telst lokið.**

3. Gr. 4.5 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal skila árlega umhverfisupplýsingum til Umhverfisstofnunar um losun mengandi efna frá starfsstöðinni, skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Vantar inn skil ársins 2023, vegna ársins 2022. **Rekstraraðili hefur gert grein fyrir áætlun um úrbætur, sjá hér að neðan**

**Rekstraraðili hefur brugðist við vegna frávíkanna með áætlun um úrbætur í bréfi dagsettu þann 18. desember sl. Nýr framkvæmdastjóri hefur tekið til starfa hjá rekstraraðila. Hefur hann sótt um aðstoð og fengið leiðbeiningar frá öðrum aðilum sem og fengið ýtarlegar leiðbeiningar frá eftirlitsaðila. Verklag hefur verið uppfært í eldisstöðinni, þar sem starfsmenn skila inn upplýsingum mánaðarlega til framkvæmdarstjóra. Gæðahandbók félagsins verður uppfærð í upphafi ársins 2024 og áætla rekstraraðili að skil á næsta ársyfirliti verði í samræmi við ákvæði starfsleyfisins og eftir leiðbeiningum sem hafa verið veittar. Verður því fylgt eftir af eftirlitsaðila, og miðast því áætlunin við að úrbótum verði lokið þann 1. maí 2024. Ef úrbætur teljast ekki fullnægjandi verður haldið áfram með eftirfylgni máls í samræmi við 53. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.**

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir  
sérfræðingur

Frigg Thorlacius  
lögfræðingur